



Guðni Sveinsson, flugmódeláhugamaður, gerir vél sína klára í flugtak.

15. júní. Ljósm.: epj.
'89.

Einn besti módel-flugvöllur landsins

- 1989. -

Síðasta laugardag var mikil umferð smáflugvélum um hinn eina og sanna Keflavíkurflugvöll. Fjölmargar lendingar og ekki síður flugtök smáflugvélum með erlendum skrásetningarmerkjum en þó í eigu Íslendinga.

Hér er sem fyrr segir verið að ræða um umferð um Keflavíkurflugvöll, þó ekki alþjóðlega flugvöllinn á Miðnesheiði, heldur eina flugvöllinn í Keflavík, en hann er upp af Grófínni og út með Garð- og Sandgerðisvegi. Flugvélarnar sem um er rætt eru heldur ekki venjulegar flugvélar heldur módelflugvélar.

Þó nokkur áhugi er fyrir sliku tómkundagamaní og mættu áhugamenn með leikföngin sín umræddan dag.

Voru það áhugamenn af Stórvirkjavíkursvæðinu ásamt tveimur Suðurnesjamönnum, þeim Gísli Haukssyni, Njarðvík, og Guðna Sveinssyni, Keflavík.

Að sögn Guðna er hér um geyiskemmtilegt sport að ræða sem fleiri og fleiri taka þátt í, en nokkrir aðrir Suðurnesjamenn hafa sýnt áhuga fyrir þátttöku í þessu. Sagði Guðni að aðstaðan hér syðra væri mjög góð og væru flestir þeirra, sem tækju þátt í gamani þessu, á því að Keflavíkurflugvöllur væri einn sá besti fyrir módelflugvélar sem til væri á landinu. Um er að ræða módelflugur, sem stjórnað er með taki af jörðu niðri og eru sum módelin námkvæmar eftirlíkingar annarra flugvélara af rétti stærð.

Fimmtudagur 15. júní. 1989.